

Snæfellsbær  
Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Snæfellsási 2  
360 Snæfellsbær

Reykjavík 12. mars 2018  
UST201801-251/K.S.J.  
10.04.03

**Efni: Deiliskipulagsbreyting - Arnarfell – Arnarstapi - Snæfellsbæ**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Snæfellsbæjar er barst 22. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi ferðaþjónustusvæðisins Arnarfells, alls 5,1 ha, að Arnarstapa í Snæfellsbæ.


Í greinargerð kemur fram að breytingar eru eftirfarandi: Í stað 11 smáhýsa er gert ráð fyrir 13 smáhýsum, - í staðinn fyrir áður áætlaða byggingarreiti og gistihúsið Arnarfell sem verður rífið, kemur tveggja hæða hótélbygging, -byggingarreitur þjónustuhúss er breyttur, -byggingarreitur fyrir snyrtingu á tjaldsvæði breytist, -umferðarskipulag á lóðinni er breytt og sömuleiðis áætlun um bílastæði.

**Skipulagssvæðið**

Að mati Umhverfisstofnunar er jákvætt að áætlun er gerð um að endurnýja og samræma mannvirki á ofangreindu svæði. Í dag er á svæðinu þyrping ýmiss konar bygginga. Að mati Umhverfisstofnunar er lykilatriði að áætlaðar byggingar falli vel hvor að annarri og að umhverfinu.

Umhverfisstofnun tekur undir umfjöllun um byggingaskilmála.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Rakel S Kristjánsdóttir  
Sérfræðingur